



Lagt fyrir 348. fund velferðarráðs 20. febrúar 2019

VEL2019020020

RÁ/bm

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum eldri borgara 2018-2022

Ný stefna í málefnum eldri borgara var samþykkt í borgarstjórn þann 6. mars 2018 og velferðarsviði falið að útbúa drög að nýrri aðgerðaáætlun á grundvelli hennar. Í stefnunni kemur fram að Reykjavíkurborg leggi áherslu á að auka lífsgæði eldri borgara og gera þeim kleift að búa á heimilum sínum sem lengst.

Aðgerðaráætluninni er skipt í fimm megináðgerðir:

- 1) félagsauð,
- 2) matarþjónustu,
- 3) sérhæfða aðstoð vegna heilabilunar,
- 4) sérhæfð teymi og
- 5) mannauð.

Þar eru sett fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir. Við hverja aðgerð er tilgreindur ábyrgðaraðili, kostnaður og á hvaða tímabili aðgerðin á koma til framkvæmdar. Aðgerðir í stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík 2017-2025 og matarstefnu Reykjavíkurborgar 2018–2022 sem eru á ábyrgð velferðarsviðs og snúast um þjónustu við eldri borgara voru teknar með í aðgerðaáætlunina. Aðgerðir A1-2, A1-3, A1-4 og A3-1 er einnig að finna í stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu í Reykjavík 2017-2025. Aðgerð B1-1 og B2-1 er einnig að finna í aðgerðaáætlun með matarstefnu Reykjavíkurborgar 2018-22. Aðgerðir sem tengjast velferðartækni eru settar fram í aðgerðaáætlun með stefnu í velferðartækni 2018-2022. Einnig voru aðgerðir í skýrslu starfshóps um heilsueflingu aldra og aðgerðir í skýrslu stýrihóps Reykjavíkurborgar um aldursvænar borgir frá árinu 2016 teknar til ítarlegar skoðunar til þess að tryggja að ekki væri um sömu aðgerðir að ræða og nú þegar eru komnar til framkvæmda eða eru í vinnslu í hverfum. Aðgerðaáætlunin var jarfnréttisskimuð og allar aðgerðir skoðaðar m.t.t. hvernig þær virka fyrir eldri borgara af öllum kynjum. Hjálögð er jafnréttisskimun.

Fylgiskjal: Jafnréttisskimun dags. 20. desember 2018